

Greiðsla fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, fram fyrir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rml.	120
Fyrir skip frá 501 br.rml. til 5 000 br.rml.	140
Fyrir skip frá 5 001 br.rml. til 10 000 br.rml.	160
Fyrir skip frá 10 001 br.rml. og þar yfir	190

Mínna leiðsögugjald skal vera kr. 4 380.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 1 380 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 140 fyrir hverjar byrjaðar 100 brúttórúmllestir skipsins þar fram yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst., á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer framúr 6 klst., á hverjum sólarhring. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 620 fyrir hverja klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 620 fyrir hverja klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (00 til 24).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal hún vera $\frac{1}{3}$ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 396, 15. ágúst 1989.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Vísindasjóðs Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Vísindasjóður Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 2,8 milljónir sem er framlag úr sjóði Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstól.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla vísindalegan framgang gigtsjúkdómafræði á Íslandi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 aðalmenn úr stjórn Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna og ákveður stjórn félagsins hverjir 3 skulu sitja í stjórn sjóðsins. 3 varamenn eru kosnir af aðalfundi Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Stjórn vísindasjóðsins situr til sama tíma og stjórn félagsins, hún skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun. Hún auglýsir eftir umsóknum um styrki. Umsóknir skulu studdar greinargerð um markmið og framkvæmd verkefnis sem um er sótt. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Úthluta skal styrkjum úr sjóðnum annað hvert ár. Fyrsta úthlutun fer fram 1992. Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur samkvæmt 2. grein. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Við úthlutun styrkja skal höfuðstóll ávallt standa óskertur. Falli úthlutun úr sjóðnum niður, samanber 5. grein, er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa þeirri upphæð við næstu úthlutun eða leggja hana að öðrum kosti við höfuðstól.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er sama og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Löggiltur endurskoðandi fer yfir reikninga og áritar. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna, ár hvert.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt á aðalfundi Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna og dugir til þess einfaldur meirihluti fundarmanna.

Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. desember 1991.

Í stjórn Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.

Kristján Steinsson Kristján Erlendsson Árni Jón Geirsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.